

## Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um áhrif stórrar álbræðslu á fámennt samfélag.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hefur verið leitað eftir áliti félagsmálaráðuneytisins á þeirri fyrirætlan stjórnvalda að reisa risaálbræðslu í fámennu samfélagi á Austfjörðum?
2. Hefur ráðuneytið kynnt sér áhrif og afdrif stóriðjufyrirtækja í fámennum byggðarlögum í grannlöndum okkar, m.a. í Noregi og Skotlandi?
3. Hver er skoðun ráðherra á nefndri ráðagerð hérlendis, sbr. 1. lið?